

Nd. 105. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka innkaupsverð á vörum o. fl.

Flm.: Eðvarð Sigurðsson, Garðar Sigurðsson, Svava Jakobsdóttir,
Lúðvík Jósepsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa 5 manna rannsóknarnefnd samkv. ákvæðum í 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. Að rannsaka hvort innkaup á vörum til landsins séu með eðlilegum hætti og í samræmi við þjóðarhagsmuni eða hvort brögð séu að því, að vörur séu keyptar til landsins á óhagkvæmu verði, sem leiði til herra vöruverðs í landinu en ætti að vera.
2. Að rannsaka sérstaklega áhrif umboðslauna í vöruverði, gjaldeyrisskil á umboðslaunum og hversu öruggt eftirlit sé nú með gjaldeyrisnotkun til vörukaupa.

Nefndin rannsaki aðra þætti þeirra mála, sem hér um ræðir, eftir því sem henni þykir ástæða til.

Hún skal í störfum sínum hafa fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum, einstaklingum og fyrirtækjum eftir því sem nauðsynlegt reynist.

Nefndin skili skýrslu til Alþingis um rannsóknir sínar, eigi síðar en 2 mánuðum eftir að ályktun þessi er gerð.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Nýlega komu fram mjög athyglisverðar upplýsingar um samanburð á vöruverði hér á landi og í London. Hér er átt við upplýsingar, sem fram komu í sjónvarpsþætti og byggðar voru á athugunum sem Verðlagsskrifstofan hefur gert.

Ljóst var af ummælum verðlagsstjóra í nefndum þætti, að verðmunur á ýmsum algengum neysluvörum er gífurlega mikill hér og í London. Þannig er verð á ýmsum vörum hér þrisvar til fjórum sinnum hærra en í London.

Sú skýring hefur einkum verið gefin á þessum mikla verðmun, að tollar, vörugjald og söluskattur ásamt öðrum álögum opinberra aðila séu hér miklu hærri en í Bretlandi.

Enginn vafi leikur á, að gjöld ríkisins eru hér gífurlega há á flestum vörum og ráða þau því miklu um hátt verðlag hér á landi. En margt bendir til að hér komi fleira til.

Í sjónvarpsþætti þeim, sem hér er vitnað til, var á það bent að innkaupsverð það, sem íslenskir heildsalar gefa upp, sé í mörgum tilfellum eins hátt og jafnvel hærra en útsöluverð í smásölu í London.

Í því sambandi kom fram að áhugi innflytjenda hér á landi kynni að vera litill til að kaupa vörur á lágu verði, þar sem tekjur þeirra eru ákveðnar sem hundraðshluti af innflutningsverði.

Hér var komið að mjög alvarlegu máli varðandi innkaup á vörum til landsins. Að því er sem sagt látið liggja, að innflytjendur kaupi vörur á hærra verði en þörf er á í þeim tilgangi að ná fram hærri álagningu í krónum og þar með auknum tekjum í sinn sjóð.

Sú tortryggni, sem upp kom í sambandi við þennan þátt málsins, magnaðist enn um helming þegar ýmsir af forsvarsmönnum heildsala margendurtóku í málflytningi sínum, að þeir hefðu lengi bent á þá galla í gildandi álagningarkerfi að miða þóknun heildsala og smásala við prósentuálagningu á innflutningsverð. Þeir sögðu beinum orðum, að skiljanlega hefðu innflytjendur litinn áhuga á að kaupa vörur á lágu verði þar sem af því leiddi lægri þóknun þeim til handa.

Ekki er hægt að skilja þennan málflytning á annan hátt en þann, að gefið sé í skyn að innflytjendur kaupi fremur dýrt en ódýrt í þeim tilgangi að hækka þannig þá álagningu, sem þeim er skömmtuð af verðlagsyfirvöldum og innflytjendur telja yfirleitt of lága.

Augljóst er, að brún þörf er á að rannsakað sé hvort veruleg brögð séu á slíkum innkaupum á vörum til landsins.

Þá hefur einnig komið í ljós í þeim umræðum, sem orðið hafa í tilefni af umræddum sjónvarpsþætti, að nokkuð misjafnar reglur muni gilda um meðferð umboðslauna í sambandi við vörukaup til landsins. Ástæða er því til að rannsakað verði hvaða áhrif umboðslaun hafi á uppgefið innflutningsverð og hvernig er um gjaldeyrisskil á umboðslaunum.

Með tillögu þeirri, sem hér er lögð fram, er lagt til að hafin verði sérstök rannsókn á því hvernig staðið er að innflutningi vara til landsins, með sérstöku tilliti til þess, hvort gætt muni vera hagsmuna almennings í vöruinnkaupum eða hvort brögð séu að því að vörur séu keyptar inn á of háu verði eða hvort uppgefið innflutningsverð sé ekki sannleikanum samkvæmt.

Vegna þeirra umræðna, sem orðið hafa um þessi mál, og mikillar tortryggni varðandi gjaldeyrisskil og uppgefið innkaupsverð á vörum, þykir rétt að málið allt verði rannsakað af nefnd þingmanna, sem hafi fullt vald til að taka skýrslur af opinberum aðilum og öðrum sem málið geta upplýst.

Hér er um mál að ræða, sem almennigur í landinu krefst að verði upplýst til fulls. Nægilega er dýrtíðin í landinu mikil þó að ekki bætist við verðhækkunar sem stafa af óheiðarlegum viðskiptum og of háu innkaupsverði á vörum til landsins.